

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/463

frá 30. janúar 2019

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar listann yfir aðila sem njóta undanþágu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlun sína að ganga úr Sambandinu á grundvelli 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Útgöngusamningurinn sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um hefur að geyma fyrirkomulag um beitingu lagaákvæða Sambandsins um Bretland og í Bretlandi eftir daginn þegar sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland. Ef sá samningur öðlast gildi mun reglugerð (ESB) 2015/2365, að meðtalinni undanþágunni sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, gilda um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabilinu í samræmi við þann samning og mun falla úr gildi í lok þess tímabils.
- 3) Ef ekki væri um að ræða nein sérákvæði myndi útganga Bretlands úr Sambandinu hafa þau áhrif að undanþága fyrir aðila að seðlabankakerfi Evrópu og aðrar stofnanir aðildarríkja sem gegna sambærilegum hlutverkum og aðra opinbera aðila í Sambandinu, sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs í a-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, gildi ekki lengur um Englandsbanka og aðrar opinberar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki og aðrar opinberar stofnanir sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs í Bretlandi.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á alþjóðlega meðferð á seðlabönkum og opinberum aðilum sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs samkvæmt lögunum sem eiga að gilda í Bretlandi að því er varðar fjármögnunarviðskipti eftir útgöngu þess úr Sambandinu og hefur lagt niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 5) Í mati sínu komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að Englandsbanki og opinberir aðilar sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs ættu að njóta undanþágu frá skýrslugjafarskyldunni skv. 4. gr. og kröfunum um gagnsæi endurnotkunar skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.
- 6) Yfirvöld í Bretlandi hafa tryggt stöðu, réttindi og skyldur aðila að seðlabankakerfi Evrópu og ætla m.a. að veita aðilum að seðlabankakerfi Evrópu og öðrum stofnunum aðildarríkjanna sem gegna sambærilegum hlutverkum og öðrum opinberum aðilum í Sambandinu sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs undanþágu sem er sambærileg þeirri sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.
- 7) Af þessum sökum ætti að færa Englandsbanka og aðra aðila sem gegna sambærilegu hlutverki og aðra opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs í Bretlandi á listann yfir undanþegna aðila sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2365.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) 2015/2365 til samræmis við það.
- 9) Framkvæmdastjórnin hefur eftir sem áður reglulegt eftirlit með meðferð þessara seðlabanka og opinberu aðila sem njóta undanþágu frá skyldunni um skýrslugjöf og kröfunum um gagnsæi endurnotkunar sem mælt er fyrir um í listanum í 2. mgr. 2. gr. í reglugerð (ESB) 2015/2365. Hægt er að uppfæra listann í ljósi þróunar á regluverki þessara þriðju landa og með hliðsjón af viðeigandi nýjum heimildum. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að tiltekin þriðju lönd yrðu tekin af listanum yfir aðila sem njóta undanþágu.

⁽¹⁾ (Stjtíð. ESB L 337, 23.12. 2015, bls. 1).

- 10) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi sem fyrst og koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (ESB) 2015/2365 hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi c-liður bætist við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365:

- „c) Englandsbanka og aðra aðila sem gegna sambærilegum hlutverkum og aðra opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (ESB) 2015/2365 hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 30. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
